

Enginn ætlar sér að gera mistök

Hversu örugg erum við? var yfirskrift málþings um öryggi í heilbrigðisþjónustu sem Embætti landlæknis efndi til þann 3. september í samvinnu við velferðarráðuneytið og með stuðningi Landspítala.

Öryggi sjúklinga í flóknu heilbrigðiskerfi nútímans verður sífellt áleitnari spurning, ekki síst á tímum samdráttar og niðurskurðar, en fram kom í erindi Sigurðar Guðmundssonar sérfræðings á lyflækningasviði Landspítalans og fyrrverandi landlæknis að niðurstöður erlendra rannsókna benda til að allt að 10% sjúklinga á sjúkrahúsum verði fyrir barðinu á mistökum af einhverju tagi. „Við höfum enga ástæðu til að ætla að hlutfallið sé annað hér á Íslandi,“ sagði Sigurður.

Aðalræðumaður ráðstefnunnar var Sir Liam Donaldson en hann er fyrrverandi landlæknir Breta og er í forustu fyrir *World Alliance for Patient Safety* sem er verkefni hjá Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni. Innan verkefnisins leggur Sir Liam sérstaka áherslu á störf hóps, *Patients for Patient Safety*, þar sem veitendur og notendur heilbrigðisþjónustu koma saman. Hann er sendiherra sjúklingaöryggis fyrir stofnunina, auk þess að vera prófessor við Imperial College í London. Hann var aðlaður árið 2002 fyrir störf sín í þágu öryggis og gæða í heilbrigðisþjónustu.

Sir Liam tiltók ýmis sláandi dæmi um mistök í meðferð sjúklinga, sem í sumum tilfellum leiddu til dauða sjúklingsins. Með því að nafngreina sjúklingana og segja sögu þeirra vakti hann athygli á þeirri staðreynd að á bakvið hvert tilfelli eru raunverulegir einstaklingar, ástvinir þeirra og miklar tilfinningar. Hann rakti síðan í hverju algengustu mistök eru fólgin, hvar mestar líkurnar eru á að þau gerist og hvernig megi koma í veg fyrir þau.

Íslenskir frummælendur á málþinginu komu víða að úr heilbrigðiskerfinu og ræddu öryggi sjúklinga frá sínum bæjar- dyrum. Lára Sch. Thorsteinsson talaði fyrir hönd landlæknisembættisins, Hildigunnur Svavarsdóttir hjúkrunarforstjóri FSA, Anna Birna Jensdóttir hjúkrunarfor-



Málþingið um öryggi sjúklinga var fjölsótt í Kaldalónssal Hörpu.



Leifur Bárðarson staðgengill landlæknis og Sir Liam Donaldson fyrrum landlæknir Breta.

stjóri Sóltúns, Eyjólfur Þorkelsson námslæknir í heimilislækningum og Andrés Ragnarsson talaði fyrir hönd sjúklinga.

Þá fluttu þau Sigurður Guðmundsson og Alma D. Möller yfirlæknir gjörgæsludeildar Landspítalans erindi og Guðmundur Þorgeirsson prófessor í lyflækningum sleit málþinginu.

Var ljóst af máli frummælenda að sem best öryggi sjúklinga er áhugamál allra er í heilbrigðiskerfinu starfa. Mikilvægt sé

að viðurkenna að mistök hafi átt sér stað, ekki skuli leita uppi sökudólga, heldur greina vandann til að hægt sé að koma í veg fyrir að sömu mistök endurtaki sig og skipuleggja verkferla og upplýsingastreymi nákvæmlega svo hættu af mistökum eða misskilningi í daglegum störfum verði bægt frá.

„Enginn ætlar sér að gera mistök,“ sagði Sir Liam, „en þó gerast þau og það er það sem við viljum koma í veg fyrir.“